VMST-S/06004

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2005

Magnús Jóhannsson

Selfossi, maí 2006

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2005

Magnús Jóhannsson

Selfossi, maí 2006 VMST-S/06004

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild
Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 480-1840
Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Efnisyfirlit

Inngangur 2

Veiðivötn 2

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár 2

Þingvallavatn 4

Þjórsá 5

Rangárnar 6

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár 7

Veiðiskýrslur og önnur verkefni 8

Rita og erindaskrá 8

Inngangur

Mikill hluti starfsemi Suðurlandsdeildar byggir á þjónusturannsóknum sem unnar eru fyrir veiðifélög og aðra aðila. Deildin vinnur einnig að sértækari rannsóknarverkefnum. Ennfremur sér Suðurlandsdeild um söfnun og vinnslu veiðiskýrslna yfir lax- og silungsveiði í ám og vötn á Suðurlandi. Tveir starfsmenn störfuðu á deildinni árið 2005. Sértekjur deildarinnar voru 14,7 millj. sem er sama upphæð og árið áður. Útgjöldin voru 14,7 millj. en voru 15,5 millj. árið 2004. Í þessum pistli verður greint frá helstu verkefnum deildarinnar á árinu 2005.

Veiðivötn

Rannsóknum á Veiðivötnum á Landmannaafrétti var framhaldið. Þar er stunduð umtalsverð stang- og netaveiði á urriða og bleikju. Hlutur stangveiðinnar hefur vaxið á síðustu árum og er nú um 80 % urriðaaflans tekinn á stöng. Samkvæmt skýrslum veiddust 20.785 silungar í Veiðivötnum á sl. ári en þetta er mesti afli sem þar hefur komið á land en 17.028 silungar veiddust þar árið 2004. Á stöng veiddust 9.943 urriðar, sem er heldur minni veiði en árið á undan en þá veiddust 10.924. Í net veiddust 2.593 urriðar en árið 2004 veiddust 2.749. Veruleg aukning varð í bleikjuveiði og veiddust samtals 8.249 bleikjur. Það er mun meiri veiði en árið áður, þegar 3.353 bleikjur veiddust. Um 82,7 % bleikjuaflans var tekinn á stöng.



Mynd 1. Silungsveiði í Veiðivötnum á Landmannaafrétti.

Rannsóknir í Veiðivötnum voru með hefðbundnum hætti. Ástand fiskstofna var metið í þeim tilgangi að gefa ráð um nýtingu og fiskrækt. Náttúrulegri nýliðun hjá urriða er ábótavant í mörgum vatnanna í Veiðivatnaklasanum, einkum þeim stærri. Slepping urriðaseiða í stærri vötnin hefur skilað góðum árangri og aukið afrakstur þeirra verulega. Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafréttar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár

Megin vatnsföllin Ölfusá og Hvítá eru jökullituð en þverárnar eru bergvatnsár. Laxfiskar lifa þar því við fjölbreytt skilyrði. Þar er að finna allar tegundir íslenskra ferskvatnsfiska. Seiðabúskapur laxfiska

hefur verið kannaður á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árlega frá árinu 1985. Lax er víðast hvar ríkjandi tegund, jafnt í jökulvatninu sem þveránum. Allnokkur breytileiki hefur komið fram á þéttleika laxaseiða á milli ára. Um miðjan 10. áratug síðustu aldar varð samdráttur í seiðabúskap laxaseiða á svæðinu (mynd 2). Ástæður minnkandi þéttleika seiða og laxgengdar geta verið ýmsar. Á svæðinu hafa verið endurtekin jökulhlaup sem komið hefur niður á uppeldi í Ölfusá og Hvítá. Rétt er einnig að benda á það að heimtur úr hafi hafa almennt verið lægri en áður og fækkun hefur einnig orðið á stórlaxi í íslenskum ám sem kemur helst niður á ám sem hafa hátt hlutfall stórlaxa. Rannsóknir sýna að á vatnasvæðinu er gott samband milli vísitölu seiðaþéttleika tveggja ára laxaseiða og veiði tveimur árum síðar en meginhluti laxa á svæðinu ganga þriggja ára til sjávar og eru eitt ár í sjó. Einnig virðist samband vera á milli laxveiði á vatnasvæðinu og þéttleika tveggja ára laxaseiða þremur árum síðar, þ.e. nýliðun úr hrygningu viðkomandi ár. Lítil laxgengd getur þannig stuðlað að áframhaldandi slökum seiðabúskap. Á sl. sumri varð nokkur aukning á laxveiði á vatnasvæðinu en endanlegar tölur liggja þó ekki fyrir.

Sértækum rannsóknum á lífríki Sogsins var haldið áfram á sl. ári en þær hófust sumrið 1997.



Mynd 2. Vísitala þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða samkvæmt seiðarannsóknum á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Byggt á athugunum á um 25 stöðum víðs vegar á vatnasvæðinu.

Þar voru auk könnunar á seiðabúskap gerðar athuganir á fæðudýrum með sérstakri áherslu á bitmý. Seiðabúskapur laxaseiða hefur verið slakur í Sogi undanfarin ár en nokkur bati kom fram í ár. Umfang hrygningar laxa var metið ofan Álftavatns í Sogi. Ummerki hrygningar voru meiri en árið áður sem er í samræmi við aukna laxveiði. Helstu hrygningarsvæðin voru við Sakkarhólma, á Bíldsfellsbreiðu og við Hólma (mynd 3).

Rannsóknirnar í Sogi eru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga. Rannsóknirnar voru unnar í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík.

Þingvallavatn

Haldið var áfram rannsóknum í Þingvallavatni og ánum sem í það renna. Frá árinu 1999 hefur deildin unnið að verkefni fyrir Landsvirkjun sem miðar að því að styrkja urriðastofna Þingvallavatns en aðalhrygningarstöðvar urriða í Þingvallavatni eyðilögðust við byggingu Steingrímsstöðvar á 6. áratug síðustu aldar. Áður var mikið bitmý í Efra-Sogi, en stíflugerðin varð til þess að tilvist þess í útfallinu þvarr. Markmið aðgerðanna er að skapast geti hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir sjálfbæran urriðastofn við útfall vatnsins. Bitmýið hefur líklega verið þýðingarmikil fæða fyrir urriðaseiðin og smáurriða. Urriðinn í Þingvallavatni er stórvaxinn sem skýra má með fiskáti hans, en vatnið er ríkt af heppilegri fæðu, murtu. Megináherslan í rannsóknum á vatninu er lögð á vöktun fiskstofna með tilliti til sleppinga og að auka þekkingu á lífsháttum urriðans í vatninu. Árið 2005 voru gerðar seiðaathuganir í Öxará, Villingavatnsá, Ölfusvatnsá og í Þingvallavatni ásamt Efra-Sogi. Enn fremur fór fram tilraunanetaveiði í Þingvallavatni og rannsóknir á urriða á riðaslóð í Öxará. Í Öxará fundust urriðaseiði á fyrsta ári í meiri þéttleika en oft áður sem rímar við mikla fiskgengd þar haustið 2004. Í Þingvallavatni við ósa Öxarár fannst allnokkuð af urriðaseiðum sem staðfestir niðurstöður frá 2003 og 2004 um að þar sé uppeldi urriðaseiða, sem líklega eru úr hrygningu í Öxará. Hins vegar fundust ekki urriðaseiði í vatninu austan við ós Öxarár. Lítið fannst af urriða við rafveiðar í Villingavatnsá og er það sambærilegt við fyrri athuganir. Urriðaseiði veiddust hins vegar í meira mæli í Ölfusvatnsá en áður. Tilraunaveiðar í Þingvallavatni gáfu urriða úr sleppiárgöngum síðustu ára og fyrstu urriðarnir úr þessum sleppingum komu fram á riðaslóð í Öxará haustið 2005. Urriðarnir þar voru flestir af náttúrulegum uppruna og 7 og 8 ára. Sleppiurriðar frá sleppingu 1993 eru alveg horfnir, en þeir sáust síðast á riðaslóð árið 2002. Athuganir í Öxará benda til þess að þar sé aukin gengd urriða. Ljóst er að seiðasleppingar urriða í Þingvallavatn hafa skilað árangri. Talsvert af urriða er nú í uppeldi í vatninu og er hann þegar farinn að koma fram í veiðinni og stærstu urriðarnir orðnir kynþroska.

Mynd 3. Hrygningarsvæði kortlögð í Sogi.

Rannsóknir í Þingvallavatni eru unnar í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík. Þær eru unnar fyrir Landsvirkjun í samstarfi við Veiðifélag Þingvallavatns.

Þjórsá

Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með rannsóknarverkefni sem hófst árið 2003. Verkefnið miðast við að auka þekkingu á göngu laxfiska í og úr sjó í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir í neðri Þjórsá. Megin markmið rannsóknanna er að auka þekkingu á göngu laxfiska í og úr sjó í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir í neðri Þjórsá. Rannsóknirnar eru unnar fyrir Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá og mögulegra mótvægisaðgerða vegna þeirra. Rannsóknir á árinu 2005 fólust m.a. í því að kanna sjógöngu laxaseiða niður Þjórsá. Þar var lögð áhersla á að meta göngutíma, og tengsl göngutíma við umhverfisþætti, s.s. vatnshita. Göngur og gönguhraði seiða á leið til sjávar var metinn með útvarpsmerkingum á seiðum á leið til sjávar í Kálfá. Á sama hátt var niðurganga stálpaðs sjóbirtings numin með útvarpsmerkjum. Seiðabúskapur var kannaður með rafveiðum og fiskgöngur upp Búða metnar með fiskteljara. Fullorðinn göngulax og sjóbirtingur var aldursgreindur og leitað eftir örmerkjum úr sleppingum laxaseiða og merkingum náttúrulegra seiða, hlutfall og endurheimtur metnar ásamt því að hlutur seiðasleppinga var metinn með því að greina uppruna fiska af hreistri. Auk fyrrgreindra rannsókna hafa frá árinu 1993 árlega farið fram rannsóknir á seiðabúskap á vatnasvæði Þjórsár með sérstakri áherslu á landnám laxa ofan við fossinn Búða í Þjórsá, en þar var gerður fiskvegur árið 1991. Rannsóknir þessar voru unnar fyrir Landsvirkjun.

Seiðagildra sem reynd var nú í fyrsta sinn í Þjórsá (mynd 4) veiddi fá laxaseiði en gaf vísbendingar um að göngutíminn væri síðari hluta maí og í byrjun júní eða svipaður og kom fram í rannsóknum í Kálfá árin 2003 og 2004. Vatnshiti ræður miklu um göngutíma laxaseiða til sjávar. Á göngutíma laxaseiðanna í Þjórsá náði vatnshitinn í Þjórsá hæst 9,2 °C, sem er mun lægri hiti en komið hefur fram í sambærilegum rannsóknum í Kálfá. Seiðin úr Kálfá virðast ganga tiltölulega rakleitt til sjávar þrátt fyrir að lenda í kaldara vatni í Þjórsá. Helmingur seiðanna gekk niður að gömlu Þjórsárbrú á innan við ½ sólarhring. Útvarpsmerkingar á sjóbirtingi í Þjórsá sýndi að niðurgangan fór fram á tímabilinu 9. maí – 14. júní sem er svipaður tími og fram kom árið áður. Enginn sjóbirtingur gekk niður við lægri vatnshita en 5 °C. Tveir merktir sjóbirtingar komu fram í veiði í Ölfuárósi. Þetta sýnir að sjóbirtingar í Ölfusárósi, sem þar eru veiddir í allnokkrum mæli, eru að einhverjum hluta ættaðir af vatnasvæði Þjórsár. Sjálfvirkur fiskteljari við Búðafoss taldi 214 laxa á ferð upp laxastigann, sem er svipað og gekk upp árið 2004, en þá gengu 228 laxar upp stigann. Að auki gengu 152 silungar upp stigann (130 árið 2004). Seiði úr náttúrulegu klaki laxa úr hrygningu haustið 2004 fundust nú ofan Búða og hefur klak áður verið staðfest þar á árunum 1994-2004 að undanskildu árinu 1996. Landnám laxa ofan Búða hefur verið að aukast jafnt og þétt, en urriði er samt enn ríkjandi tegund á svæðinu. Aukin framleiðsla laxaseiða á þessum hluta árinnar mun gefa aukna laxgengd upp Þjórsá. Í Þjórsá, neðan Búða fannst að þessu sinni óvenju mikið af eins og tveggja ára laxaseiðum. Þéttleiki sumargamalla, og sérstaklega eins árs laxaseiða, jókst á milli ára í Kálfá. Þetta gæti tengst aukinni laxgengd og hrygningu í Kálfá á undanförnum árum. Þótt endanlegar veiðitölur liggi ekki fyrir virðist mikil laxgengd hafa verið í Þjórsá sumarið 2005 og meiri en síðustu sumur þar á undan. Hreisturslesning gefur til kynna að um 55,5% laxa sem gekk á vatnasvæðið á sl. sumri hafi verið fjögurra ára þ.e. klakárgangi 2001 en árgangurinn kom einmitt sterkur fram í seiðamælingum. Með greiningu hreisturs var metið að 8,8 % laxa sem gekk í Þjórsá síðastliðið sumar, hafi verið úr sleppingum smáseiða og um 4,6 % úr gönguseiðasleppingum og 86,6% af náttúrulegum uppruna.

Mynd 4. Gönguseiðagildra í Þjórsá vorið 2005. Gildran er svokölluð snúningsgildra og hefur ekki verið reynd áður í jökulvatni. Hún hefur þann kost umfram hefðbundnar gildrur að safna mun minna i sig af þörungum og mosa sem berst með árvatninu sem gerir það að verkum að rekstur er öruggari í vatnavöxtum og umhirða verður mun minni.

Fyrirhugað er að halda áfram rannsóknum á göngu laxa á vatnasvæði Þjórsár, útvarpsmerki ættu að nýtast vel við þá vinnu. Rannsóknir í Þjórsá eru unnar fyrir Landsvirkjun. Verkefni þetta var unnið í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík.

Rangárnar

Mikið af laxi gekk í Rangárnar sumarið 2005. Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust þar um 6.900 laxar sem er metár en árið áður voru 6.141 laxar dregnir á land. Í Eystri-Rangá veiddust um 4.150 laxar og var hún aflahæsta áin á landinu. Um 2.750 laxar veiddust í Ytri-Rangá. Lax í Rangánum er nær eingöngu úr sleppingum gönguseiða en þær hófust árið 1987. Vatnsföll á vatnasvæði Rangánna eru frá náttúrunnar hendi silungsár með lítilsháttar af laxi. Óhentug botngerð og lágur vatnshiti eru helstu takmarkandi þættir fyrir uppeldi laxa á svæðinu. Árlega er sleppt um og yfir 500 þús. laxagönguseiðum á vatnasvæði Rangánna.

Suðurlandsdeild sá um uppsetningu Vaka-fiskteljara, í fiskstigum við Árbæjarfoss og Ægissíðufoss í Ytri-Rangá ásamt eftirliti með þeim og úrvinnslu gagna. Samkvæmt teljara við Ægissíðufoss (sem er um 16 km frá sjó) gengu þar upp 4.156 laxar (mynd 5). Um 96% laxanna voru smálaxar. Um teljarann í Ábæjarfossi gengu 696 laxar. Laxinn tók að ganga upp Ægissíðufoss í lok júní en mesta gengdin var síðari hluta júní og í byrjun ágúst. Laxinn var mun seinni upp Árbæjarfoss (23 km frá sjó). Fyrstu laxarnir fóru upp fyrri hluta júlí en enginn kraftur kom í göngurnar fyrr en síðari hluta júlí. Lax var að ganga upp stigann þar fram yfir miðjan október. Göngur upp stigana virðast háðar vatnshita og örvast þegar ávatnið hlýnar.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár

Seiðabúskapur var kannaður á vatnasvæði Skaftár og í Grenlæk. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfellt frá árinu 1986 og í Grenlæk samfellt frá árinu 1995. Langtímarannsóknir sem þessar gefa kost á að meta stofnsveiflur og hvaða þættir hafa áhrif á þær. Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning ýmissa aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna.

Urriðaseiði (sjóbirtingsseiði) eru ríkjandi í ám í Skaftárhreppi. Þéttleiki urriðaeiða á vatnasvæði Skaftár hefur verið að aukast á síðustu árum. Á sl. sumri fannst óvenju mikið af laxaseiðum á svæðinu, þetta átti sérstaklega við um seiði á fyrsta ári. Í Grenlæk er fiskteljari sem telur og stærðarmælir fisk á göngu á hrygningarstöðvar. Tölur úr teljara benda til að sjóbirtingsgengd á hrygningarstöðvar í Grenlæk hafi verið heldur meiri en árið 2004.



Mynd 5. Stangveiði á urriða og bleikju í Grenlæk og Jónskvísl samkvæmt skýrslum á árunum 1990 til 2004.

Á árinu var gerð sérstök úttekt á áhrifum vatnsþurrðar sem varð í Grenlæk árið 1998, en þá fóru bestu uppeldis- og hrygningarsvæði Grenlækjar og líklega öll helstu uppeldissvæði Tungulækjar, yfir 20 km af árfarvegi, á þurrt í um tvo mánuði. Seiðarannsóknir sýna að árgangur urriða (sjóbirtings) úr hrygningu haustið 1997 (árgangur 1998) virðist mikið til hafa misfarist ofan við foss í Grenlæk þar sem vatnsþurrðin varð og árgangar 1996 og 1997 virðast einnig hafa skerst. Sömu árgangar komu fram mjög slakir í veiði. Athuganir benda til að sú lægð sem varð í urriðaveiði í Grenlæk árin eftir 2001 megi skýra með slökum styrk fyrrnefndra árganga (mynd 5). Talning á sjóbirtingi í Grenlæk við Seglbúðir styður enn frekar þessa ályktun. Metið var að á áhrifaárum vatnsþurrðar hafi árlegur fjöldi veiddra urriða í Grenlæk að jafnaði verið um 800 minni en annars hefði verið. Bleikjan varð hins vegar ekki eins illa úti, þar sem hún finnur sér fyrst og fremst búsvæði á svæðum sem ekki urðu fyrir verulegri skerðingu á vatni árið 1998. Seiðakannanir benda til þess að seiðabúskapur urriða í Grenlæk hafi að mestu náðfyrra horfi, svo vatnsþurrðin virðist ekki hafa haft varanleg áhrif til minnkunar urriðastofnsins. Athugun haustið 2005 sýndi þó minnkandi þéttleika urriðaseiða, einkum ofantil í læknum. Síðla vetrar sama ár var vatn um tíma mjög lítið ofan til í Grenlæk, sem eins og vatnsþurrðarárið 1998, getur hafa orsakað óeðlilega mikil afföll seiða. Hluti af vandamálum varðandi vatnsbúskap lindarlækjanna í Landbroti er vegna inngripa sem gerð hafa verið með stíflum og veitum ofar á vatnakerfinu. Brýnt er að fundin verði varanleg lausn á vatnsbúskapsmálum og

stjórnun rennslis til lindarvatna í Landbroti og Meðallandi, þannig að vatnsrennsli til þeirra verði tryggt eins og kostur er.

Veiðiskýrslur og önnur verkefni

Deildin safnaði sem fyrr neta- og stangveiðiskýrslum úr ám og vötnum á Suðurlandi. Þá var einnig safnað skýrslum um seiðasleppingar. Stöðugt er unnið að því að bæta skráningu á veiði. Fjölmargir skrá nú veiði sína vel og skila inn til stofnunarinnar. Skráning á laxveiði er almennt góð en enn vantar nokkuð á að skráning silungsveiði sé fullnægjandi. Veiðimálastofnun útvegar veiðibækur og eyðublöð til skráningaraðila sem síðan er sent útfyllt til stofnunarinnar að veiðitíma loknum. Veiðibækur eru jafnan sendar til veiðiréttarhafa að úrvinnslu lokinni en þær eru heimildir um veiði og mikilvægt að þær séu varðveittar á vísum stað. Stangveiði er almennt einstaklingskráð í veiðibækur og hluti netaveiðinnar einnig. Margar skýrslur berast því miður seint til stofnunarinnar og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til veiðiréttareigenda að þeir skili skýrslum strax að loknum veiðitíma. Skráning veiði er mikilvæg við að fylgjast með þeim breytingum sem á fiskstofnum verða svo hægt sé að nýta þá á sem skynsamlegastan hátt og er veiðiskráning einnig oftlega notuð til að meta verðmæti veiða hvort sem er til útleigu eða til að skipta arði milli veiðiréttareigenda.

Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir sem lúta að veiði og vatnalífríki vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ár og vötn. M.a. var unnin rannsókn á vatnasvæði Ljósár undir Eyjafjöllum vegna fyrirhugaðrar virkjunar.

Rita og erindaskrá

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Guðni Guðbergsson, 2005. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2004. Veiðimálastofnun, VMST-S/05001: 53 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir, 2005. Fisk- og botndýrarannsóknir í Sogi og þverám þess árið 2004. Veiðimálastofnun, VMST-S/05002: 30 bls.

Magnús Jóhannsson, 2005. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2004. Veiðimálastofnun, VMST-S/05003: 10 bls (einnig í ársriti Búnaðarsambands Suðurlands árið 2004).

Magnús Jóhannsson, Guðni Guðbergsson og Benóný Jónsson, 2005. Seiðarannsóknir og veiði í Grenlæk í Landbroti í kjölfar vatnsþurrðar árið 1998. Veiðimálastofnun, VMST-S/05004X: 20 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Ingi Rúnar Jónsson, 2005. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá, Villingavatnsá, Þingvallavatni og Efra-Sogi ásamt urriðarannsóknum í Þingvallavatni árið 2005. Veiðimálastofnun VMST-S/05005: 22 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2005. Könnun á seiðabúskap laxfiska á vatnasvæði Ljósár vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Veiðimálastofnun, VMST-S/05007: 7 bls.

Greinar

Magnús Jóhannsson, 2005. Fiskar og veiði í Þjórsá. Veiðimaðurinn

Guðni Guðbergsson og Magnús Jóhannsson, 2005. Skil á veiðiskýrslum yfir lax- og silungsveiði. Fréttabréf Bssl. 27: bls 2.

Ýmis erindi

Magnús Jóhannsson, 2005. Fiskrannsóknir Veiðimálastofnunar á Grenlæk og áhrif vatnsþurrðar 1998. Fundur með veiðieigendum við Grenlæk, Seglbúðum 17. mars.
Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2005. Veiði í Apavatni árið 2004. Aðalfundur Veiðifélags Apavatns, Laugarvatni 23. apríl.
Magnús Jóhannsson, 2005. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár 2004. Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, Þrastarlundi 25. apríl.
Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2005. Fiskrannsóknir í Veiðivötnum árið 2004. Aðalfundur Veiðifélags Landmannaafréttar, Brúarlundi 6. maí 2005.
Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2005. Fiskrannsóknir á Þingvallavatni og aðliggjandi ám. Aðalfundur Veiðifélags Þingvallavatns, Þingvöllum 11. maí.
Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, Rannsóknir á göngu og legustöðum laxa og niðurstöður talninga í Ytri-Rangá 2004. Aðalfundur Veiðifélags Ytri-Rangár 28. maí.
Magnús Jóhannsson, 2005. Úlfljótsvatn, og Efra-Sog, fisk- og bitmýsrannsóknir. Aðalfundur Veiðifélags Úlfljótsvatns, Írafossi 2. júní.
Magnús Jóhannsson, 2005. Veiði- og fiskræktarmál á Suðurlandi. Aðalfundur Samtaka Veiðifélaga á Suðurlandi, Laugalandi Holtum 25. október.

Umsagnir

Benóný Jónsson, 2005. Umsögn vegna Ræsagerðar í Almenningsá.
Magnús Jóhannsson, 2005. Umsögn vegna fyrirhugaðar sleppingar urriðaseiða í Álftavatn og Torfavatn á Rangárvallaafrétti.
Magnús Jóhannsson, 2005. Ræsagerð á Þingskálavegi.